# Rannsóknir og greining – Frístundastarf

## Hvað?

- Ungt fólk 5.-7. bekkur - árleg nemendakönnun
- Ungt fólk 8.-10. bekkur - árleg nemendakönnun
- Spurningar um þætti í lífi barna og unglinga um andlega og líkamlega heilsu, líðan, fjölskylduaðstæður, frístundaiðkun, áfengis- og vímuefnaneyslu, árangur í námi, líkamsrækt og þátttöku í íþróttastarfi, trúarskoðanir og mataræði. Einnig spurt um tengsl nemenda við jafnaldra, notkun þeirra á netmiðlum, lestur bóka og viðhorf þeirra til jafnréttis.

## Hvernig?

- Rannsóknir og greining leggur kannanirnar fyrir árlega.
- Grunnskóli fær sendan hlekk og tengiliður skólans heldur utan um fyrirlögnina með því að fá nemendur til að taka þátt, en þátttaka þeirra er valkvæð.
- Viðhorfskönnunin byggir ekki á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins með því að nemendur sem eru mættir til skóla á degi fyrirlagnar taki þátt.

### Hvenær?

- Könnun 5.-7. bekkjar er lögð fyrir á haustönn og kynnt í byrjun vorannar.
    - Ef viðbótarkönnun er lögð fyrir er það gert í byrjun vorannar.
- Könnun 8.-10. bekkjar er lögð fyrir á haustönn og kynnt í byrjun vorannar.
    - Ef viðbótarkönnun er lögð fyrir er það gert í byrjun vorannar.

## Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður könnunar Rannsókna og greiningar geta verið gagnlegar til að ákveða áherslu í starfi félagsmiðstöðvar, jafnvel í samvinnu við grunnskólann.
- Vinna ætti umbótaáætlun út frá niðurstöðunum og mikilvægt er að kynna þær fyrir öllum hagsmunaaðilum, ásamt umbótum.

## Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar á https://rannsoknir.is/
- Til að hafa samband er hægt að senda fyrirspurn; https://rannsoknir.is/hafa-samband/

- Tengiliður á skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er Guðrún Mjöll Sigurðardóttir gudrun.mjoll.sigurdardottir@reykjavik.is